



Sveitarstjórn Múlaþings, kt. 660220-1350 (sveitarstjórn) og Dagmar Ýr Stefánsdóttir, kt. 120982-3629 (sveitarstjóri) gera með sér svofelldan

Ráðningarsamning

1. gr.

Sveitarstjórn Múlaþings ræður Dagmar Ýr Stefánsdóttur sem sveitarstjóra Múlaþings frá og með 1. janúar 2025. Um eðli starfsins fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, samþykktum þess og starfslýsingu vegna starfs sveitarstjóra sveitarfélagsins.

Helstu verkefni eru

- Æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri þess.
- Ábyrgð á undirbúningi og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda ásamt framfylgd ákvarðana sveitarstjórnar og byggðarráðs.
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins ásamt mannauðsmálum. Ábyrgð á að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum og samþykktum.
- Talsmaður sveitarstjórnar og gætir hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vinnur að framfaramálum og leiðir uppbyggingu og þróun í sveitarfélaginu.
- Upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Vinnur að stefnu og framtíðarsýn sveitarstjórnar í málefnum sveitarfélagsins.
- Er jafnframt hafnarstjóri.

2. gr.

Ráðningartíma lýkur án uppsagnar við lok yfirstandandi kjötímabils sveitarstjórnarfulltrúa.

3. gr.

Vinnutími er óreglulegur í samræmi við eðli starfsins. Þó er miðað við að daglegur viðverutími á vinnustað sé að jafnaði frá kl. 8:00 til kl.16:00 virka daga og skal sveitarstjóri bjóða upp á viðtalstíma innan þess tíma.

4. gr.

Umsamin mánaðarlaun við undirritun samnings eru kr. 1.900.000. Innifalið í þessum launum er öll sú yfirvinna sem starfið krefst, meðal annars vegna fundarsetu á fundum sveitarstjórnar, byggðaráðs, föstum meirihluta- og minnihlutafundum auk þeirra nefnda sem sveitarstjóri er kvaddur til fundarsetu hjá, sem og annara verkefna sem starfinu fylgja. Ekki er um frekari þóknun að ræða vegna yfirvinnu. Laun taka hlutfallslegum breytingum í samræmi við hæsta launaflokk FOSA (Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi). Laun greiðast eftirá 1. virka dag hvers mánaðar.

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is



5. gr.

Auk launa hefur sveitarstjóri full afnot af bifreið á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Sveitarstjóri fær greiddan ferðakostnað samkvæmt reikningum vegna ferðalaga, innanlands og erlendis, í þágu starfsins. Sveitarstjóri fær greiddan útlagðan starfstengdan kostnað en forseti sveitarstjórnar staðfestir framlagða reikninga þar að lútandi.

7. gr.

Sveitarfélagið greiðir fyrir afnot af farsíma sveitarstjóra og kostnað vegna nettengingar á heimili hennar.

8. gr.

Orlofsréttur sveitarstjóra færist ekki á milli orlofsára. Ef sérstakar aðstæður eru uppi að þá er heimilt að færa orlofsdagana milli orlofsára, eða greiða út, gegn samþykki forseta sveitarstjórnar og formanns byggðaráðs.

Sveitarstjóri skal, í samráði við forseta sveitarstjórnar og formann byggðaráðs, ákveða hvenær orlof er tekið.

9. gr.

Sveitarstjóri hefur rétt til að nýta allt að 5 daga á ári til endurmenntunar í þágu starfsins samkvæmt nánara samkomulagi við forseta sveitarstjórnar. Réttur þessi flyst ekki milli ára.

10. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2025 og til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar sem lýkur 15 dögum eftir kjördag. Báðum aðilum skal þó heimilt að segja samningi upp. Segi sveitarstjóri samningnum upp skal hann hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest og engan biðlaunarétt. Kjósi sveitarstjórn að segja honum upp öðlast sveitarstjóri rétt til þriggja mánaða biðlauna auk þriggja mánaða uppsagnarfrests.

Við lok samningstíma öðlast sveitarstjóri rétt til þriggja mánaða biðlauna. Sveitarstjóri skuldbindur sig þó til að vinna allt að þrjá mánuði með nýrri sveitarstjórn sé þess óskað. Réttur til biðlauna hefst að þessum starfstíma loknum. Mánaðarleg biðlaun samkvæmt samningi þessum samsvara umsömdum launum samkvæmt 4. gr. Þó skulu koma til frádráttar biðlaunum laun sem sveitarstjóri kann að taka á biðlaunatímanum.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í einu eintaki sem varðveitt skal á skrifstofu sveitarfélagsins og skal hann birtur á heimasíðu þess. Samningurinn er undirritaður af oddvitum framboða sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn, en þó með fyrirvara um endanlega staðfestingu sveitarstjórnar.



Egilsstöðum 6. nóvember 2024

Dagmar K. Stefánsdóttir

Sveitarstjóri Múlaþings

f.h. B-lista

Jónína Brynjólfssdóttir

Jónína Brynjólfssdóttir

f.h. D-lista

Berglind H. Svavarsdóttir

Berglind Svavarsdóttir

f.h. L-lista

Hildur Þórisdóttir

Hildur Þórisdóttir

f.h. M-lista

Pröstur Jónsson

f.h. V-lista

Helgi Hlynur Ásgrímsson

